


hafði verið að eins stuttan tíma hjá henni, sagði sonur hennar við afa sinn:

„Mamma sagði í gær við Elísabetu móðursystur mína, að ekki verði fundið neitt betra pláss fyrir þig en herbergi eins og þau, sem faðir minn grefur.“

Þegar öldungurinn hafði hlustað á þessa ræðu, þá brast hjarta hans, og hann hneig aftur á bak í hægindastól sínum og andaðist. Kirkjugarður St. Jóhannesar-kirkju tók á móti honum, og var miskunnsamari við hann en öll börnin hans sex; því þar getur hann nú sofið óáreittur og í friði.

J. P. ÍSDAL þýddi.



ÓSÉRPLÆGNI.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Árið 1512 gerðu Brescia-búar, uppreist gegn Frökkum. Frakkar réðust því á borgina, unnu hana og vændu. Hinn frakkneski riddari Bayard var þá í liði Frakka; var hann særður þegar í byrjun umsátursins, og lét flytja sig í hús tigins manns eins þar í borginni. Herramaður þessi átti dætur tvær, mjög fríðar sýnum. Bayard sá um, að herramanni þessum og skuldaliði hans væri alls ekkert mein gert, og skipaði liðsmönnum tveimur við húsdyrnar og gaf þeim átta hundruð ríkisdala, svo að þeir yrðu skaðlausir, þar sem þeir mistu af öllum ránfeng á meðan. Fé þetta hafði Bayard fengið í sinn hluta af herfanginu, því að sjálfur var hann maður fátækur.

Að nokkrum tíma liðnum ætlaði Bayard að halda aftur til hersins, og var þó eigi algróinn sára sinna. En er hann var ferðbúinn, gekk húsmóðirin inn til hans, varpaði sér fyrir fætur honum og mælti: „Að hernaðarlögum er fé vort og fjör á yðar valdi; auk þess hafið þér frelsað oss frá allri vanvirðu. Alt um það þekkjum vér svo veglyndi yðar, að vér vonum, að þér beitið eigi of mikilli harðneskju við oss, og látið yður lynda þessa litlu gjöf; er hún reyndar fremur samboðin efnahag vorum en þakklátstilfinningu vorri.“

Að því mæltu rétti hún honum stálvaðinn kistil, sem fullur var af gullpeningum. Bayard brosti við, og spurði, hversu mikið væri í kistlinm. Húsfreyju brá við og varð hún hrædd um, að honum kynni að þykja féð lítið, og mælti: „Tvær þúsundir og fimm hundruð gullpeninga, herra minn; en ef yður þykir